

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 25. júlí 2023 eftirfarandi skipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts – reiðstígur felldur út.
Breytingin gerir ráð fyrir að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi verði felldur út.

Breyting á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts – Flóttamannavegur.
Breytingin gerir ráð fyrir að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi verði felldur út og að göng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur komi undir Flóttamannaveg.

Breyting á deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar – reiðstígar og deiliskipulagsmörk.
Breytingin gerir ráð fyrir nýjum reiðstíg frá Grunnavatnsskarði um Ljósakollulág og niður Vífilsstaðahlíð að reiðstíg í Urriðakotshrauni. Mörk deiliskipulagsins að vestanverðu breytast og eru samræmd mörkum að tillögu deiliskipulags útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum og tillögu að mörkum friðlýsingar sem auglýst var samhliða. Mörk deiliskipulagsins eru einnig samræmd mörkum að friðlandi Búrfells og Búrfellsgjár.

Deiliskipulag fyrir Vífilsstaðahraun, Vatnsmýri og Mariuhella.
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stíga- og umferðarkerfi innan fólkvangsins í Vífilsstaðahrauni og Mariuhellum.

Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar. Skilgreint er fyrirkomulag göngu- og hjólastíga, fræðslu- og áningarstaða.

Veglínu Flóttamannavegar, sem liggur milli fólkvanganna í Vífilsstaðahrauni og Mariuhellum er breytt til að bæta öryggi á veginum og til samræmis við breytta skilgreiningu hans í aðalskipulagi. Stígur milli Urriðaholts og Vífilsstaða meðfram Reykjanesbraut er skilgreindur sem stofnstígur ætlaður umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Reiðstígur vestan Flóttamannavegar breytist í stofnstíg.

Deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir kerfi útivistarstíga og reiðstíga innan fólkvangs í Urriðakotshrauni og á golfvallarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Gert er ráð fyrir stækkun golfvallarins Urriðavallar og nýjum útivistarstíg. Hluti golfvallar verður innan fólkvangs í Urriðakotshrauni.

Markmið deiliskipulagsins er að í Urriðavatnsdölum og í Urriðakotshrauni verði aðlaðandi útivistarsvæði og að á Urriðavelli verði aðstaða til golfiðkunar í hæsta gæðaflokki.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag golfvallar í Urriðavatnsdölum sem staðfest var af skipulagsstjóra ríkisins 15. desember 1992.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. október 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.